

**RÍKISENDURSKOÐUN**

---

**Framkvæmd fjárlaga  
janúar til september 1993**

---

**Nóvember 1993**



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Niðurstöður .....	7
Fjárheimildir og fjárlög .....	11
Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs .....	15
Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs .....	19
Innheimtar tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlanir .....	21
Gjöld ríkissjóðs í samanburði við fjárheimildir .....	23
Innheimtar tekjur ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár .....	29
Gjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár .....	33
Endurlán ríkissjóðs .....	39
Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs .....	41
Útgjöld almannatrygginga .....	43
Útgjöld atvinnuleysistryggingasjóðs .....	47



## Inngangur

Eitt af hlutverkum Ríkisendurskoðunar lögum samkvæmt er að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og gefa Alþingi skýrslu um það mál. Í því felst að stofnunin ber ákvæði fjárlaga um tekjur og gjöld ríkisins saman við greiðsluhreyfingar ársins. Slík athugun hefur farið fram þegar sex og níu mánuðir eru liðnir af árinu og í árslok. Jafnframt hefur verið gerð grein fyrir breytingum á greiðslum miðað við sama tímabil árið á undan.

Fjárlög taka sem kunnugt er til ríkissjóðs og all flestra ríkisstofnana. Hins vegar ná greiðsluuppgjör ríkisbókhalds sem lögð eru til grundvallar við athuganir þessar, aðeins til greiðslna í og úr ríkissjóði, þ.e. til hreyfinga á sjóðs-, banka-, og viðskiptareikningum sem eru í umsjón ríkisféhirðis og ríkisbókhalds, og til stofnana sem eru í greiðslu- og bókhaldspjónustu þessara aðila. Ýmsar stofnanir sem teljast til A-hluta fjárlaga hafa sjálfstæðan fjárhag og sýnir greiðsluuppgjórið því aðeins framlög úr ríkissjóði til þeirra. Þá falla stofnanir í B-hluta fjárlaga einnig utan við greiðsluuppgjörin nema að því leyti sem þær fá framlög til starfsemi sinnar úr ríkissjóði. Stofnanir sem þannig háttar um geta stofnað til útgjalda án þess að það komu fram í greiðslufirlitum ríkisbókhalds. Af þessu leiðir m.a. að eftirlit með framkvæmd fjárlaga er síður en svo jafn yfirgripsmikið og æskilegt væri. Ljóst er að niðurstöðutölur vegna uppgjörs á rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana fyrir hvert ár, eru iðulega töluvert frábrugðnar þeirri niðurstöðu sem greiðsluuppgjörin sýna, a.m.k. að því er tekur til gjaldahliðarinnar. Þá liggur fyrir að framsetning fjárlaga, greiðsluuppgjöra og ríkisreiknings eru ekki að öllu leyti sambærileg m.a. vegna ólíkra sundurliðana og uppgjörsgrunns.

Tekið skal fram að vegna styttingar fjárhæða getur komið fram óveruleg frávik á milli samtalna og sundurliðana í töflum. Þá er þess að geta að greiðsluuppgjörin eru óendurskoðuð.



## Niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum athugunar á framkvæmd fjárlaga og afkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1993:

### Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs

- Fjárförf A-hluta ríkissjóðs í lok septembermánaðar 1993 nam 24,5 milljörðum króna sem er 200 milljónum króna hærri fjárhæð en á sama tímabili í fyrra. Mismunurinn skýrist aðallega af aukinni fjárförf vegna rekstrar að fjárhæð 1,8 milljarðar króna og vegna viðskiptareikninga 1,3 milljarðar króna. Á móti lækkuðu greiddar afborganir af skuldum ríkissjóðs um 3,1 milljarð króna.
- Lántökur ríkissjóðs námu alls um 22,0 milljörðum króna. Þær urðu 1,3 milljörðum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áætlað var að lántökurnar yrðu um 20,7 milljarðar króna að meðtöldum lántökum vegna Landsbanka Íslands og Síldarverksmiðja ríkisins. Erlendar lántökur urðu um 450 milljónum króna hærri en áætlað hafði verið, sala spariskírteina varð 1,4 milljörðum króna hærri, en sala ríkisbréfa og -vixla, nettó 1,1 milljarði króna lægri. Þá var í áætlunum ekki gert ráð fyrir rúmlega 600 milljóna króna lántöku vegna uppkaupa á fullvirðisrétti vegna búvöruframleiðslu. Afborganir veittra lána ríkissjóðs urðu 1,6 milljörðum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs, þegar afborganir tekinna lána hafa verið dregnar frá, nemur 16,7 milljörðum króna á tímabilinu samanborið við 14,4 milljarða króna á sama tímabili 1992.

### Afkoma ríkissjóðs í samanburði við áætlun

- Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins námu 71,7 milljörðum króna sem er 1.027 milljónum króna lægri fjárhæð en áætlun fyrir sama tímabili gerði ráð fyrir eða um 1,4%. Alls námu rekstrargjöld ríkissjóðs 83,3 milljörðum króna og voru

Þau 843 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 1%. Rekstarhalli A-hluta ríkissjóðs varð þannig um 193 milljónum króna hærrí en áætlað hafði verið sem er um 1,7% af áætluðum halla. Við mat á afkomu ríkissjóðs verður að hafa í huga að gjaldatölurnar eru samkvæmt greiðsluyfirliti ríkisbókhalds en þar hafa framlög ríkissjóðs til Landsbanka Íslands, Síldarverksmiðja ríkisins og vegna uppkaupa á fullvirðisrétti ekki verið gjaldfærð.

- Helstu skýringarnar á því að tekjur ríkissjóðs voru um einum milljarði króna undir áætlun eru raktar til meiri veltu- og tekjusamdráttar en gert var ráð fyrir. Innheimta á tekjuskatti einstaklinga var tæpum einum milljarði lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Virðisaukaskattur var rúmum 0,8 milljörðum króna undir áætlun. Um helmingur fráviksins skýrist af því að horfið var frá að lækka endurgreiðslur vegna virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. Þá voru tekjur af innflutnings- og vörugjöldum um 0,6 milljörðum króna lægri en áætlað var. Tengist það bæði meiri samdrætti í innflutningi en gert var ráð fyrir og einnig ýmsum breytingum á tollalögum og lögum um vörugjald. Á móti þessu vegur að fjármunatekjur ríkissjóðs fóru tæpum 0,8 milljörðum króna fram úr áætlun.
- Helstu skýringar á því að rekstrargjöld ríkissjóðs urðu 834 milljónum króna lægri en áformað var eru að fjármagnskostnaður varð 638 milljónum króna undir áætlun sem skýrist af lækkuðu vaxtastigi erlendis á tímabilinu. Af öðrum liðum sem voru undir áætlun má nefna ríkisábyrgðir og tjónabætur, auk framlaga til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Vegagerðar ríkisins, hafnarmála og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þá fóru útgjöld Atvinnuleysis-tryggingasjóðs 726 milljónum króna umfram áætlun eða 61,3%. Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir mun minna atvinnuleysi en raun varð á. Þá fóru framlög til almannatryggingakerfisins í heild fram úr áætlun. Alls námu greiðslu til A-hluta stofnana umfram áætlun 2,7 milljörðum króna.

### **Afkoma ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár**

- Við samanburð á afkomutölum fyrstu níu mánaða árana 1992 og 1993, kemur í ljós að heildargjöld höfðu hækkað um 1.049 milljónir króna eða um 1,3% en tekjurnar lækkað um 724 milljónir króna. Samanburður á föstu verðlagi sýnir að tekjur A-hluta



ríkissjóðs hafa dregist saman um 3,2 milljarða króna eða 4,3% miðað við fyrstu níu mánuði ársins. Að teknu tilliti til greiðslna til sveitarfélaga nemur lækkunin hins vegar aðeins tæpum 0,4 milljörðum króna eða 0,5%. Samanburðurinn sýnir að gjöld A-hluta ríkissjóðs á föstu verðlagi drógust saman um 1,7 milljarða króna eða 2%. Hefur því rekstrarhalli ríkissjóðs vaxið á föstu verðlagi um 1,5 milljarða króna miðað við fyrstu níu mánuði áráanna 1992 og 1993.

### Önnur atriði

- Á fyrstu níu mánuðum ársins hafði ríkissjóður endurlánað tæpa 4,2 milljarða króna sem er um 72% af heimildum lánsfjárlaga til endurlána á árinu.
- Ársverkum hjá A-hluta stofnunum sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir, fækkaði um 16 á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra, ef einungis eru bornar saman þær stofnanir sem starfsmannaskrifstofan sá um launavinnslu fyrir bæði árin 1992 og 1993.
- Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga sem starfsmannaskrifstofa sér um afgreiðslu á launum fyrir, hækkuðu um 2,7% frá fyrra ári. Þá er tekið tillit til um 300 milljón króna aukningar vegna afturvirkra launahækkana. Hlutfallshækkunin svarar að mestu til þeirrar hækkunar sem varð á launum opinberra starfsmanna á milli áráanna 1992 og 1993.
- Útgjöld almannatryggingakerfisins lækkuðu um 398 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. Skýringin liggur í lækkun sjúkratrygginga.
- Greiddar atvinnuleysisbætur hafa hækkað verulega á fyrstu níu mánuðum ársins í samanburði við fyrra ár eða sem nemur um 46%. Þá gerðu áætlanir ráð fyrir að bótaréttur vegna átaksverkefna sveitarfélaga til atvinnusköpunar hefði numið 303 milljónir króna í septemberlok og hefur sú fjárhæð aðeins að litlu leyti verið greidd út.
- Brýnt er að fyrir Alþingi séu lagðar tillögur um breytingar á fjárlögum og þær afgreiddar fyrr en nú á sér stað.



## Fjárheimildir og fjárlög

Í skýrslu þessari um framkvæmd fjárlaga eru greiðslur ekki bornar beint saman við fjárlög heldur svokallaðar *fjárheimildir*. Fjárlög eru við eðlilegar aðstæður samþykkt á Alþingi áður en fjárlagaárið byrjar. Fjárhæðir sem þar eru settar fram byggja m.a. á ákveðnum forsendum um verðlagsþróun á árinu. Í fjárlögum er áætlað fyrir breytingum á launum og verðlagi með sérstökum safnlið sem færður er undir fjárheimildir fjármálaráðuneytis. Ráðuneytið dreifir síðan þessum lið til hækkunar (eða lækkunar) á fjárlagaheimildum einstakra stofnana og breytast fjárheimildir þeirra sem því nemur. Þá eru aðrir safnliðir hjá einstökum ráðuneytum sem er ætlað að skiptast á milli stofnana sem undir þau heyra. Við það geta fjárheimildir stofnana hækkað. Dæmi um slíka safnliði eru fjármunir sem í fjárlögum 1993 voru ætlaðir til aðgerða sem stuðlað gætu að rekstrarhagræðingu. Þeim fjármunum hefur verið varið til einstakra stofnana og verkefna að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Annað dæmi er safnliður sem m.a. er ætlað að fjármagna útgjöld vegna heimildarákvæða í 6. gr. fjárlaga. Samþykki Alþingi fjárlög á árinu breytast einnig fjárheimildir sem því nemur. Rétt er að taka það fram að fjárheimildir fyrra árs hafa verið færðar til breytinga á fjárheimildum stofnana á árinu 1993, án þess að Alþingi hafi samþykkt það. Breytingarnar voru kynntar Alþingi í frumvarpi til fjárlöga 1992 sem lagt var fram í vor. Hér er bæði um að ræða yfir- og undirfrávik vegna rekstrar og stofnkostnaðar á árinu 1992.

Til að hægt sé að bera fjárheimildir við reikningstölur skv. milliuppgjörum innan ársins verður að ganga út frá ákveðinn dreifingu á fjárheimildum eftir mánuðum. Fjármálaráðuneytið skiptir fjárheimildum yfirleitt í samvinnu við viðkomandi stofnanir og er dreifing þeirra innan ársins byggð á áætlaðri fjárförf stofnana.

Hafa ber í huga að ýmsar ástæður geta legið að baki frávikum á milli bókhaldstalna og fjárlaga. Þar má fyrst nefna að ýmsar fjárhæðir fjárlaga eru byggðar á áætlunum. Þetta á fyrst og fremst við um tekjuhluta fjárlaga en einnig í minna mæli um ýmsa lögbundna útgjaldaliði sem ekki verða skertir þó að fjárheimild í fjárlögum hrökkvi ekki fyrir útgjöldum. Dæmi um slíkt eru ýmis konar

bótagreiðslur og samningsbundnar greiðslur. Með vandaðri áætlanagerð er hægt að lágmarka frávik af þessum sökum, þó að sjálfsögðu sé ekki hægt að koma með öllu í veg fyrir frávik af þessum sökum. Sérstaklega er tekjuöflun ríkisins orðin það víðtæk og margþætt að sveiflur í efnahagslífinu hafa mikil áhrif á tekjur.

Frá því Ríkisendurskoðun tók að fylgjast með framkvæmd fjárlaga með kerfisbundum hætti er óhætt að segja að verulegar framfarir hafi átt sér stað í gerð fjárhagsáætlana og í fjármálastjórn hjá ríkinu. Þeim stofnunum hefur þannig fækkað sem víkja umtalsvert frá fjárheimildum. Engu að síður er full ástæða til að ætla að ná megi ennþá betri árangri að þessu leyti.

Engar formlegar reglur hafa gilt hér á landi um það hvenær heimilt væri að stofna til viðbótarútgjalda án þess að fyrst væri leitað samþykkis Alþingis. Þó vissulega geti komið upp þær aðstæður sem gera viðbótarfjárveitingu nauðsynlega án þess að Alþingi hafi fjallað um málið, verður þó að telja að slíks séu fá dæmi. Í langflestum tilvikum er möguleiki á að Alþingi fjalli um málin og samþykki eða hafni viðbótarfjárveitingu. Rétt er að taka það fram að verulega hefur dregið úr aukafjárveitingum á síðustu árum. Engu að síður telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að Alþingi setji lög um greiðslur úr ríkissjóði, en frumvarp um það efni hefur sem kunnugt er verið lagt fram nokkur undanfarin ár en ekki verið afgreitt.

Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður milli fjárlaga 1993 og fjárheimilda eins og þær voru í nóvember 1993.

## Samanburður milli fjárheimilda og fjárlaga

Ráðuneyti Í m. kr.	Fjárlög 1993	Fjárheimild í nóv. '93	Frávik
Æðsta stjórn ríkisins	1.083,0	1.131,9	48,9
Forsætisráðuneyti	304,8	340,5	35,7
Menntamálaráðuneyti	16.841,6	17.294,2	452,6
Utanríkisráðuneyti	1.539,4	1.637,6	98,2
Landbúnaðarráðuneyti	7.448,7	7.651,5	202,8
Sjávarútvegsráðuneyti	812,2	850,7	38,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.390,0	5.654,2	264,2
Félagsmálaráðuneyti	4.859,2	5.022,7	163,5
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	46.146,1	46.277,4	131,3
Fjármálaráðuneyti	15.511,7	15.393,8	-117,9
Samgönguráðuneyti	9.173,2	9.281,5	108,3
Iðnaðarráðuneyti	992,8	993,7	0,9
Viðskiptaráðuneyti	172,6	182,2	9,6
Hagstofa Íslands	145,5	147,8	2,3
Umhverfissráðuneyti	594,2	612,6	18,4
	111.015,0	112.472,4	1457,4

Frá áramótum fram í nóvember hafði samtala fjárheimilda hækkað frá fjárlögum um sem nemur 1.457 milljónum króna. Um er að ræða fjárheimildir sem fluttar voru frá fyrra ári en sem Alþingi hefur ekki enn afgreitt eins og áður segir. Hækkun fjárheimildar nemur 1,2 milljörðum króna af þessum sökum. Þá hafa fjárheimildir einstakra stofnana verið hækkaðar sem nemur samtals 238 milljónum króna vegna launabóta umfram heimild fjárlaga.

Telja verður æskilegast að fyrir Alþingi séu lagðar tillögur um allar markverðar breytingar á fjárlögum og samþykkt séu fjáráukalög fyrir viðkomandi fjárveitingum áður en fjárheimildum ráðuneyta er breytt. Sérstaklega er mikilvægt er að Alþingi og fjárlaganefnd geti kynnt sér vel yfirfærslu fjárheimilda milli ára og tryggt sé að flutningurinn taki mið af lækkun útgjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára.

Það verður að teljast rökrétt framhald aukinnar fjárhagslegrar ábyrgðar einstakra stofnana og ráðuneyta að ekki sé þörf á að leggja fram í árslok frumvörp til fjáráukalaga sem fela í sér veigamikil frávik frá áður samþykktum fjárlögum. Slíkt kerfi býður upp á ákveðna misnotkun og kemur í veg fyrir að áætlanirnar myndi þann mælikvarða á árangur og þann fjárhagsramma sem reksturinn þarf að laga sig að. Með því að Alþingi fjalli um tillögur að

breytingum á fjárlögum jafnóðum og þær koma fram má komast að miklu leyti hjá slíku.

## Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs

Fjárförf A-hluta ríkissjóðs í lok septembermánaðar 1993 nam 24,5 milljörðum króna sem er 200 milljónum króna hærrí fjárhæð en á sama tímabili í fyrra. Skv. yfirliti frá ríkisbókhaldi stafa helstu frávik af 1,8 milljarða króna aukinni fjárförf vegna rekstrar og vegna hækkunar viðskiptareikninga um 1,3 milljarða króna. Á móti hafa greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs orðið lægri sem nemur 3,1 milljarði króna.

Lántökur ríkissjóðs námu alls 22,0 milljörðum króna. Innlend lántaka nam 16,6 milljörðum króna, þar af 2,4 milljarðar króna vegna framlags til Landsbanka Íslands og Síldarverksmiðja ríkisins. Á sama tímabili í fyrra nam innlend lántaka 14,9 milljörðum króna. Hlutur innlends lánsfjár í heildarlántökum var svipuð bæði árin eða um 75%.

Erlendar lántökur námu 5,4 milljörðum króna til loka september í ár í samanburði við 5,2 milljarða króna á sama tímabili 1992.

### Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs janúar til september

Fjárhæðir í m.kr.	Reikningur 1993	Fjárheimild 1993	Reikningur 1992
Fjárförf (brúttó)	24.496	24.104	24.296
- Afborganir veittra lána	-3.841	-2.260	-2.854
Lánsfjárförf	20.655	21.844	21.442
- Afborganir tekinna lána	-3.948	-4.520	-7.062
Hrein lánsfjárförf	16.707	17.324	14.380

Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs þegar afborganir tekinna lána hafa verið dregnar frá nam 16,7 milljörðum króna í lok september í ár samanborið við 14,4 milljarða króna á sama tímabili 1992.

Áætlanir um lántökur A-hluta ríkissjóðs til septemberloka 1993 gerðu ráð fyrir því að þær næmu 20,7 milljörðum króna að meðtöldum lántökum vegna Landsbanka Íslands og

Síldarverksmiðja ríkisins. Lántökur urðu hins vegar 1,3 milljörðum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Erlendar lántökur urðu um 450 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir, sala spariskírteina varð 1,4 milljörðum króna hærrí, en sala ríkisbréfa og -vísla, nettó 1,1 milljarði króna lægri. Þá var í áætlunum ekki gert ráð fyrir rúmlega 600 milljónum króna lántöku vegna uppkaupa á fullvirðisrétti. Afborganir veittra lána urðu 1,6 milljörðum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ríkissjóður hafði þannig alls 25,8 milljarða króna til ráðstöfunar til loka september í ár. Samkvæmt yfirliti ríkisbókhalds var á fyrstu níu mánuðum þessa árs 11,6 milljörðum króna ráðstafað til að mæta rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs sem er 193 milljónum króna hærrí fjárhæð en gert var ráð fyrir. Þá eru að mati Ríkisendurskoðunar 2,8 milljarða króna útgjöld ógjaldfærð. Þar er um að ræða framlög ríkissjóðs til Landsbanka Íslands að fjárhæð 2,0 milljarðar króna, til Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð 368 milljónir króna og útgáfu skuldabréfa til uppkaupa á fullvirðisrétti að fjárhæð rúmlega 600 milljónir króna að frádreginni gjaldfærslu ársins að fjárhæð um 200 milljónir króna. Afborganir lána voru 572 milljónum króna minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hlutfé, stofnframlög og viðskiptareikningar sýna tæplega 350 milljónum króna meiri útgreiðslur umfram inngreiðslur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í heild sinni gerðu áætlanir janúar til september 1993 ráð fyrir greiðsluhalla hjá A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 1,2 milljarðar króna, en í raun varð greiðsluafgangur að fjárhæð 1,3 milljarðar króna. Helstu frávik eru þau að lántökur að frádregnum afborgunum veittra lána urðu 2,9 milljörðum króna hærrí, en ráðstöfun fjár varð 400 milljónum króna hærrí en áætlanir til loka september 1993 reiknuðu með.



## Fjárstreymi A-hluta ríkissjóðs

Tímabilið janúar til september 1993

Fjárh. í m.kr.	Fjár		Frávik	Reikn. 1992	Frávik 92/93
	Reikn. 1993	heimild 1993			
<b>Uppruni:</b>					
Lántökur					
Spariskírteini	6.868	5.500	1.368	2.821	4.047
Önnur innlend fjáröflun	633	0	633	26	607
Erlendar lántökur	5.392	4.940	452	5.164	228
	12.893	10.440	2.453	8.011	4.882
Ríkisbréf og -vixlar nettó	6.729	7.850	-1.121	9.456	-2.727
	19.622	18.290	1.332	17.467	2.155
Aðrar lántökur	2.368	2.368	0	2.642	-274
Lántökur alls	21.990	20.658	1.332	20.109	1.881
Afborganir veittra lána	3.841	2.260	1.581	2.854	987
Uppruni alls	25.831	22.918	2.913	22.963	2.868
<b>Ráðstöfun:</b>					
Til rekstrar skv. yfirliti	11.601	11.408	193	9.829	1.772
Afborgun lána	3.948	4.520	-572	7.062	-3.114
Veitt lán	4.315	4.703	-388	4.295	20
Hlutfjár. og stofnfé	218	405	-187	105	113
Viðskiptareikn. nettó	1.622	700	922	363	1.259
	21.704	21.736	-32	21.654	50
Beinar lántökur til gjaldf.	2.792	2.368	424	2.642	150
Ráðstöfun alls	24.496	24.104	392	24.296	200
Breyt. á handbæru fé	1.335	-1.186	2.521	-1.333	2.668



## Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á rekstrarafkomu ríkissjóðs og greiðsluáætlunar fyrir tímabilið frá janúar til september 1993. Við þennan samanburð hefur ekki verið tekið tillit til framlags ríkissjóðs vegna Landsbanka Íslands að fjárhæð 2,0 milljarðar króna, vegna Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð tæplega 368 milljónir króna í tengslum við stofnun hlutafélags um rekstur þeirra 1. ágúst s.l. og vegna uppkaupa á fullvirðisrétti til búvöruframleiðslu nettó að fjárhæð 400 milljónir króna. Samtals er hér um að ræða nær því 2,8 milljarða króna.

### Samanburður rekstrarafkomu og áætlunar janúar til september 1993

Í m. kr.	Útkoma 1993	Áætlun 1993	Frávik	%
Tekjur	71.710	72.737	-1.027	-1,4
Gjöld	83.311	84.145	-834	-1,0
Gjöld umfram tekjur	11.601	11.408	193	1,7

Samkvæmt greiðslufirliti ríkisbókhalds nam rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs um 11,6 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Áætlanir fyrir sama tímabil gerðu hins vegar ráð fyrir að hallinn yrði um 11,4 milljarðar króna. Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs varð þannig um 193 milljónum króna hærri en áætlað hafði verið. Frávikið skýrist af því að innheimtar tekjur urðu um 1.027 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir miðað við fyrstu níu mánuði ársins eða um 1,4%. Á móti kemur að gjöldin urðu um 834 milljónum lægri en áætlað var eða um 1%.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 71,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1993 samanborið við 72,4 milljarða á sama tíma 1992. Nemur tekjusamdrátturinn um 724 milljónum króna eða um 1%. Heildargjöld ríkissjóðs voru um 83,3 milljarðar króna samanborið við tæpa 82,3 milljarða á sama tíma 1992 sem er hækkun á milli ára um 1.049 milljónir króna eða 1,3%. Rekstrarhalli ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 1993 nam 11,6 milljörðum króna samanborið við 9,8 milljarða á sama tíma 1992. Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs hefur því versnað um 1.772

milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1993 miðað við sama tíma í fyrra.

### Samanburður rekstrarafkomu milli ára janúar til september 1993 og 1992

Í m. kr.	Útkoma 1992	Fram reiknað 1992	Útkoma 1993	Breyt- ing	Breyting á föstu verðl.		
					%	verðl.	%
ekjur	72.434	74.948	71.710	-724	-1,0	-3.238	-4,3
Gjöld	82.263	85.003	83.311	1.049	1,3	-1.692	-2,0
Gjöld umfram tekjur	9.829	10.055	11.601	1.772	18,0	1.546	15,4

Samanburður milli áráanna 1993 og 1992 sýnir að á föstu verðlagi hafa tekjur A-hluta ríkissjóðs dregist saman um 3,2 milljarða króna eða 4,3% miðað við fyrstu níu mánuði ársins. Að teknu tilliti til greiðslna til sveitarfélaga nemur lækkunin tæpum 0,4 milljörðum króna eða 0,5%. Samsvarandi samanburður sýnir að gjöld A-hluta ríkissjóðs á föstu verðlagi hafa hins vegar dregist saman um 1,7 milljarða króna eða 2%. Hefur því rekstrarhalli ríkissjóðs vaxið á föstu verðlagi um 1,5 milljarða króna miðað við fyrstu níu mánuði áráanna 1992 og 1993.

## Innheimtar tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlanir

Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1993 námu 71,7 milljörðum króna. Það er rúmum 1,0 milljarði lægri fjárhæð en áætlanir gerður ráð fyrir eða 1,4%.

### Samanburður tekna við áætlun janúar til september 1993

Í m. kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	%
Eignarskattar	2.981	2.353	628	26,7
Tekjuskattur einstaklinga	7.570	8.555	-985	-11,5
Tekjuskattur félaga	2.118	2.083	35	1,7
Aðrir beinir skattar	395	405	-10	-2,5
Beinir skattar	13.064	13.396	-332	-2,5
Aðflutningsgjöld	2.144	931	1.213	130,3
Ýmis gjöld af innflutningi	261	229	32	14,0
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	211	140	71	50,7
Vörugjöld	6.416	8.260	-1.844	-22,3
Virðisaukaskattur	27.184	28.021	-837	-3,0
Skattar af orku	58	57	1	1,8
Skattar af einkasöluvörum	4.443	4.570	-127	-2,8
Sérstakir skattar af þjónustu	66	66	0	0,0
Aðrir skattar af þjónustu	657	541	116	21,4
Skattar af launagreiðslum	7.613	7.153	460	6,4
Aðrir óbeinir skattar	4.511	4.621	-110	-2,4
Óbeinir skattar	53.564	54.589	-1.025	-1,9
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	3.529	2.745	784	28,6
Arðgreiðslur	1.322	1.673	-351	-21,0
Fjármunatekjur	4.851	4.418	433	9,8
Sala eigna	44	120	-76	-63,3
Ýmsar tekjur	187	214	-27	-12,6
Aðrar tekjur	231	334	-103	-30,8
Tekjur samtals	71.710	72.737	-1.027	-1,4

Innheimta á tekjuskatti einstaklinga var tæpum 1,0 milljarði lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þannig var innheimt staðgreiðsla 1,0 milljarði króna undir áætlun, sem skýrist af samdrætti í tekjum í kjölfar aukins atvinnuleysis og bótagreiðslur voru tæpum 0,5 milljörðum króna hærri en áætlanir. Á móti vegur að innheimta tekjuskatts vegna eftirálagðra skatta var 0,5 milljörðum króna hærri en áætlað var.

Innflutnings- og vörugjöld voru um 0,6 milljörðum króna lægri en áætlað var í fjárlögum. Það skýrist annars vegar af meiri samdrætti í innflutningi en gert var ráð fyrir og hins vegar voru gerðar ýmsar breytingar á tollalögum og lögum um vörugjald eftir að fjárlög voru samþykkt.

Virðisaukaskattur var rúmum 0,8 milljörðum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og nemur frávikið 3,0%. Auk almenns efnahagssamdráttar er skýringa einnig að leita í því að horfið var frá að lækka endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði en sú lækkun átti að skila ríkissjóði um 400 milljónum króna á árinu.

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur voru tæpum 0,8 milljörðum króna hærri en áætlanir gerður ráð fyrir og nemur frávikið 28,6%. Dráttarvextir af skatttekjum voru í samræmi við áætlanir en greiddir vextir af langtímalánum voru umtalsvert hærri en gert var ráð fyrir. Það stafar af mun hærri innheimtu á veittum lánum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

## Gjöld ríkissjóðs í samanburði við fjárheimildir

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga á fyrstu níu mánuðum ársins 1993 námu um 83,3 milljörðum króna og er sú fjárhæð um 834 milljónum króna lægri en áætlanir fyrir sama tímabil sögðu til um eða sem nemur 1%.

### Samanburður gjalda við fjárheimild janúar til september 1993

Ráðuneyti í m. kr.	Greitt 1993	Heimild 1993	Frávik	%	Umfram greitt	Óhafin framlög
Æðsta stjórn ríkisins	785	833	-48	-5,8	15	63
Forsætisráðuneyti	253	270	-17	-6,5	13	30
Menntamálaráðuneyti	12.228	12.711	-483	-3,8	261	744
Utánríkisráðuneyti	1.121	1.199	-78	-6,5	33	111
Landbúnaðarráðuneyti	6.045	5.965	79	1,3	108	29
Sjávarútvegsráðuneyti	819	851	-32	-3,8	7	40
Dóms- og kirkjum.rn.	3.870	4.193	-324	-7,7	59	383
Félagsmálaráðuneyti	3.499	3.657	-159	-4,3	194	353
Heilbr.- og trygg.m.rn.	35.053	34.022	1.031	3,0	1.343	311
Fjármálaráðuneyti	10.988	11.519	-531	-4,6	531	1.062
Samgönguráðuneyti	7.265	7.468	-203	-2,7	32	235
Iðnaðarráðuneyti	741	774	-33	-4,3	30	63
Viðskiptaráðuneyti	113	126	-13	-10,1	4	17
Hagstofa Íslands	85	108	-22	-20,7	0	22
Umhverfissráðuneyti	446	448	-1	-0,3	26	27
	83.311	84.145	-834	-1,0	2.656	3.490

Greiðslur til A-hluta stofnana umfram áætlanir fyrir tímabilið frá janúar til september 1993 námu um 2,7 milljörðum króna. Frávikið liggur einkum í rekstri tryggingakerfisins og greiðslu atvinnuleysisbóta. Hins vegar námu þeir gjaldaliðir sem voru lægri en áætlun segir til um 3,5 milljörðum króna. Stærsti liðurinn er fjármagnskostnaður ríkissjóðs en þar voru gjöldin um 638 milljónum króna lægri en áætlun. Þá voru ríkisábyrgðir og tjónabætur um 111 milljónum króna undir áætlun. Af öðrum liðum sem voru undir áætlun má nefna framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Vegagerðar ríkisins, hafnarmála og Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Eftirfarandi skýringar eru á helstu frávikum útgjalda einstakra ráðuneyta frá greiðsluáætlun fyrir tímabilið frá janúar til september 1993:

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins voru um 48 milljónum króna lægri en áætlun á fyrstu níu mánuðum ársins gerðu ráð fyrir eða 5,8%. Skýrist sá munur aðallega af því að framlög til mannvirkjagerðar að Bessastöðum voru tæplega 33 milljónum króna undir áætlun og framlög til Alþingis voru sömuleiðis um 23 milljónum króna undir áætlun.

Greiðslur til forsætisráðuneytisins voru um 17 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu eða um 6,5%. Helsta skýringin var sú að framlög til aðalskrifstofu ráðuneytisins voru um 21 milljón króna lægri en áætlað var. Hins vegar höfðu áætlaðar sértekjur hjá Húsameistara ríkisins ekki skilað sér.

Útgjöld menntamálaráðuneytisins voru um 483 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu frá janúar til september 1993 eða sem nemur 3,8%. Helstu fjárlagaliðir sem voru undir áætlun eru: Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla en þar munaði um 206 milljónum króna, framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem var um 80 milljónum króna undir áætlun, framlag vegna uppgjörs sveitarfélaga var undir áætlun sem nam um 79 milljónum króna. Af örum liðum sem eru innan áætlana má nefna framlög til Þjóðarbókhlöðu þar sem munaði um 34 milljónum króna og til skóla fyrir fatlaða munaði um 32 milljónum króna.

Af þeim málefnaflokkum menntamálaráðuneytisins sem fóru umfram áætlun má nefna Háskóla Íslands þar sem framlög fyrstu níu mánuði ársins námu um 1.090 milljónum króna sem var um 47 milljónum króna umfram áætlun eða um 4,5%. Framlög til Íslenska dansflokksins og Listdansskólans fóru um 18 milljónum króna fram úr áætlun á tímabilinu eða um 73%. Þá voru framlög til Verkmenntaskólans á Akureyri um 11 milljónum króna hærrí en áætlun.

Greiðslur til utanríkisráðuneytisins voru um 78 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Munar þar mest um framlög til alþjóðastofnana m.a. framlög til Evrópumála sem munu fyrirsjáanlega verða minni vegna frestunar á gildistöku EES. Af þeim liðum sem voru umfram áætlun má nefna sendiráð Íslands í



Brussel, varnarmálaskrifstofu og fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum en þessir þrír liðir fóru, hver um sig, meira en 20% fram úr áætlun á tímabilinu.

Greiðslur til landbúnaðarráðuneytisins fóru um 79 milljónum króna fram úr áætlunum á tímabilinu eða um 1,3%. Frávikið skýrist aðallega af sérstökum niðurgreiðslum á tilteknum mjólkur- og kjötvörum frá 1. júní til áramóta samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í maí 1993.

Greiðslur til sjávarútvegsráðuneytisins voru um 32 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu eða 3,8%. Frávikið skýrist aðallega af því að framlög til Fiskistofu voru um 33 milljónum undir áætlun eða um 25%.

Greiðslur til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins voru um 324 milljónum króna undir áætlun eða um 7,7%. Helstu skýringarnar eru að greiðslur vegna húsnæðis og búnaðar dómsstofa voru tæplega 85 milljónum króna lægri en áætlun. Þá voru greiðslur vegna fangelsisbyggingar um 52 milljónum króna lægri en áætlun, greiðslur vegna húsnæðis og búnaðar sýslumanna um 49 milljónum króna lægri en áætlun og framlög til Landhelgisgæslunnar voru um 34 milljónum króna undir áætlun. Af þeim aðilum sem fóru fram úr áætlun má nefna sýslumanninn í Reykjavík sem fór um 16 milljónum króna fram úr áætlun eða yfir 20%.

Greiðslur til félagsmálaráðuneytisins voru um 159 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu eða um 4,3%. Helstu skýringarnar eru að greiðslur vegna hinna ýmsu málefnaflokka fatlaðra eru lægri en áætlun. Þá er Framkvæmdasjóður fatlaðra um 87 milljónum króna innan áætlana eða rúm 32% og sama á við um framlög vegna ýmis konar félagsmála en þar voru framlög um 59 milljónum króna lægri en áætlun eða um 33%.

Greiðslur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fóru um 1.031 milljón króna fram úr áætlunum á tímabilinu eða um 3%. Frávikið skýrist aðallega af útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem voru um 726 milljónum króna umfram áætlun eða 61,3%. Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir mun minna atvinnuleysi en raun varð á. Þá fóru framlög til almannatryggingakerfisins í heild fram úr áætlun eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

**Útgjöld ríkissjóðs vegna almannatrygginga  
samanborið við áætlun  
janúar til september 1993**

Í m. kr.	Greitt 1993	Áætlun 1993	Frávik	%
Lífeyristryggingar	11.665	11.338	327	2,9
Sjúkratryggingar	7.070	6.897	173	2,5
Slysatryggingar	405	462	-57	-12,3
	19.140	18.697	443	2,4

Útgjöld ríkissjóðs vegna almannatrygginga námu alls um 19.140 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins og fóru rúmum 443 milljónum króna fram úr áætlunum eða 2,4%. Greiðslur lífeyristrygginga námu á tímabilinu um 11,665 milljónum króna sem var um 327 milljónum króna umfram áætlun. Þá voru greiðslur vegna sjúkratrygginga um 7.070 milljónir króna eða 173 milljónir króna umfram áætlun. Hins vegar námu útgjöld til slysatrygginga um 405 milljónum króna sem var um 57 milljónum innan áætlunar eða 12,4%.

Aðrir liðir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem voru verulega lægri en áætlun voru framlög vegna stofnkostnaðar á sjúkrahúsum og læknisbústöðum. Alls var þessi liður um 68 milljónum króna undir áætlun eða um 23%. Framlög til heilsugæslustöðva voru um 57 milljónum króna undir áætlun eða um 58% og framlög til sjúkrahúsa í Reykjavík voru um 39 milljónum króna lægri en áætlun eða um 42%. Loks má nefna að rekstur Tryggingastofnunar ríkisins var um 17 milljónum króna undir áætlun eða 5,4%.

Greiðslur til fjármálaráðuneytisins voru um 531 milljón króna undir áætlun á tímabilinu eða um 4,6%. Megin skýringuna er að finna í minni greiðslum vegna fjármagnskostnaðar ríkissjóðs sem námu alls um 7,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er um 638 milljónum króna lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Helsta skýringin mun liggja í því að þróun erlendra lánskjara hefur verið hagstæðari en gert var ráð fyrir. Af öðrum liðum sem voru innan áætlunar má nefna að útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 6. greinar fjárlaga voru um 217 milljónum króna innan áætlunar og framlög vegna ríkisábyrgða og tjónabóta voru um 111 milljónum innan áætlunar eða um 41% af áætlun.

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum ársins 1993 vegna launa- og verðlagsmála var 40 milljónir króna, þar af voru áætlaðar 20 milljónir króna vegna stofnkostnaðar Þessi liður er síðan notaður til að hækka fjárheimildir einstakra stofnana miðað við hækkun kjarasamninga viðkomandi stofnana. Í lok september var búið að dreifa um 248 milljónum króna til einstakra stofnana og málefnaflokkanna umfram heimildir fjárlaga án þess að Alþingi væri búið að samþykkja viðkomandi fjárveitingar. Meginskýringin á þessu fráviki eru kjarasamningar sem gerðir voru við aðildarfélag BHRM, lögreglumenn og sjúkraliða til samræmis við aðra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 1992. Þá eru uppbætur á lífeyri um 193 milljónum króna hærri en áætlun eða um 29% m.a. vegna þess að fyrirsjáanlegt mun vera að hlutdeild B-hluta stofnana verði minni en gert var ráð fyrir. Af öðrum einstökum liðum sem fóru fram úr áætlun má nefna gjaldheimtur og innheimtukostnað sem var um 36 milljónum króna hærri en áætlun eða 68%, skýrsluvélakostnað sem reyndist um 24 milljónum króna hærri en áætlun eða 7,4%, og kostnað vegna ýmissa fasteigna ríkissjóðs sem varð 21 milljón króna hærri en áætlun eða um 14%.

Greiðslur vegna samgönguráðuneytisins voru um 203 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu eða um 2,7%. Framlög til Vegagerðar ríkisins voru alls tæpir 5,8 milljarðar á tímabilinu sem var um 86 milljónum króna undir áætlun. Þá voru framlög til hafnarmála um 85 milljónum króna undir áætlun og sömuleiðis voru framlög til Vítastofnunar Íslands um 38 milljónum króna lægri en áætlun segir til um eða 45%. Hins vegar voru útgjöld til Flugmálastjórnar yfir áætlun sem nam um 31 milljón króna eða um 8%.

Greiðslur vegna iðnaðarráðuneytisins voru um 33 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu eða um 4,3%. Orkustofnun og Orkusjóður voru tæplega 43 milljónum króna undir áætlun, framlög til Rafmagnseftirlits ríkisins voru hins vegar um 22 milljónir króna yfir áætlun eða um 52%.

Framlög til viðskiptaráðuneytisins voru um 13 milljónum króna undir áætlun á tímabilinu eða um 10% og framlög til Hagstofu Íslands voru um 22 milljónum króna undir áætlun eða um 21%.

Greiðslur vegna umhverfisráðuneytisins voru um einni milljón króna undir áætlun. Þeir liðir sem fóru yfir áætlun voru m.a. ýmsar fyrirbyggjandi ráðstafanir í umhverfismálum en þar reyndist frávikkið vera um 10 milljónum króna hærra en áætlun eða um 16% og aðalskrifstofa ráðuneytisins fór um 7 milljónir króna umfram áætlun eða um 16%. Hins vegar voru framlög til Skipulagsstjóra ríkisins um 16 milljónum króna lægri en áætlun eða um 46%.

## Innheimtar tekjur ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

Fyrstu níu mánuði ársins 1993 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 71,7 milljörðum króna sem er 0,7 milljörðum króna lægri fjárhæð en á sama tímabili 1992 og nemur lækkunin 1,0%.

### Samanburður tekna milli ára janúar til september

Í m. kr.	1993	1992	Breyting	%
Eignarskattar	2.981	2.714	267	9,8
Tekjuskattur einstaklinga	7.570	8.158	-588	-7,2
Tekjuskattur félaga	2.118	2.114	4	0,2
Aðrir beinir skattar	395	388	7	1,8
Beinir skattar	13.064	13.374	-310	-2,3
Aðflutningsgjöld	2.144	2.417	-273	-11,3
Ýmis gjöld af innflutningi	261	722	-461	-63,9
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	211	266	-55	-20,7
Vörugjöld	6.416	5.903	513	8,7
Virðisaukaskattur	27.184	27.631	-447	-1,6
Skattar af orku	58	60	-2	-3,3
Skattar af einkasöluvörum	4.443	4.629	-186	-4,0
Sérstakir skattar af þjónustu	66	69	-3	-4,3
Aðrir skattar af þjónustu	657	554	103	18,6
Skattar af launagreiðslum	7.613	7.242	371	5,1
Aðrir óbeinir skattar	4.511	4.527	-16	-0,4
Óbeinir skattar	53.564	54.020	-456	-0,8
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	3.529	3.075	454	14,8
Arðgreiðslur	1.322	1.364	-42	-3,1
Fjármunatekjur	4.851	4.439	412	9,3
Sala eigna	44	152	-108,0	-71,1
Ýmsar tekjur	187	449	-262,0	-58,4
Aðrar tekjur	231	601	-370,0	-61,6
Tekjur samtals	71.710	72.434	-724,0	-1,0

Tekjuskattur einstaklinga lækkaði um tæpa 0,6 milljarða króna á milli ára eða um 7,2%. Þessi samdráttur skýrist fyrst og fremst af því að þær sérstöku breytingar sem gerðar voru á tekjuskatti hafa

ekki skilað þeim tekjuauka á fyrstu níu mánuðum þessa árs sem nauðsynlegur var til að mæta greiðslum til sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds og munar þar um 800 milljónum. Skýrist þetta m.a. af auknu atvinnuleysi og því að innheimta hærri tekjuskatts miðast við laun í átta mánuði en greiðslur til sveitarfélaga miðast við níu mánuði. Þá voru bótageiðslur rúmum 0,3 milljörðum króna hærri nú en á sama tíma í fyrra en á móti vegur tæplega 0,6 milljarða betri innheimta eftirágreiddra skatta.

Innheimta virðisaukaskatts á fyrstu níu mánuðum ársins 1993 nam 27,2 milljörðum króna sem er rúmlega 0,4 milljörðum króna lægri fjárhæð en innheimtist sömu mánuði 1992 og nemur frávikið 1,6%. Lækkunin stafar nær alfarið af minni innflutningi.

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur hafa aukist um tæpa 0,5 milljarða króna á milli árunna 1992 og 1993 og nemur aukningin 14,8%. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til aukinna vaxtatekna af veittum lánum.

Að raungildi hafa tekjur ríkissjóðs dregist saman um 3,2 milljarða króna frá fyrra ári eða um 4,3%. Við samanburð á tekjum milli ára þarf að taka tillit til greiðslna til sveitarfélaganna vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Þær greiðslur námu tæpum 2,9 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins 1993. Að teknu tilliti til þessa hafa tekjur ríkissjóðs dregist saman að raungildi um 360 milljónir króna eða 0,5%.

### **Raunbreyting tekna** janúar til september 1993

Í m. kr.	1992 á		Breyt.	%
	1993	verðl. '93		
Beinir skattar	13.064	13.699	-635	-4,6
Óbeinir skattar	53.564	56.070	-2.506	-4,5
Fjármunatekjur	4.851	4.556	295	6,5
Aðrar tekjur	231	623	-392	-62,9
Tekjur samtals	71.710	74.948	-3.238	-4,3

Af beinum sköttum var samdráttur mestur í tekjuskatti einstaklinga, en hann lækkaði að raungildi um rúma 0,7 milljarða króna eða um 8,7%. Hér vega þyngst þær 800 milljónir sem greiddar

voru til sveitarfélaganna umfram aukningu á innheimtu tekjuskatts. Að teknu tilliti til áðurnefndrar greiðslu til sveitarfélaganna hefur tekjuskattur aukist að raungildi um 2,2 milljarða króna milli áranna 1992 og 1993.

Af óbeinum sköttum var samdrátturinn mestur í virðisaukaskatti en tekjur af honum drógust saman að raungildi um 1,4 milljarða króna eða um 5,1%. Innflutningsgjöld lækkuðu um tæpan 1,0 milljarð og hluti af hagnaði ÁTVR lækkaði um tæpa 0,4 milljarða króna eða um 7,4%. Á móti vegur að tryggingagjald hækkaði að raungildi um tæpa 0,3 milljarða eða um 3,4%.

Af öðrum tekjum hækkuðu vaxtatekjur af langtímalánum um tæpa 0,5 milljarða að raungildi á milli ára eða um 27,8%.





## Gjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

Framlög úr ríkissjóði vegna rekstrargjalda fyrstu níu mánuði ársins 1993 námu 83,3 milljörðum króna. Er það rúmum einum milljarði króna hærrí greiðslur en á sama tímabili árið 1992 eða um 1,3%. Að raungildi lækkuðu gjöldin aftur á móti um tæpa 1,7 milljarða króna eða um 2,0%.

### Tegundaskipting rekstrargjalda fyrstu níu mánuði áráanna 1992 og 1993

Í m.kr.	Greitt 1992	Fram- reiknað	Greitt 1993	Breyt- ing	%	Raun- breyt.	%
Laun	19.079	19.569	19.845	766	4,0	276	1,4
Rekstur	19.038	19.727	20.991	1.953	10,3	1.264	6,4
Tilfærslur	18.469	19.138	16.026	-2.443	-13,2	-3.111	-16,3
Almannatryggingar	19.235	19.779	19.140	-95	-0,5	-639	-3,2
Vaxtagjöld	6.921	7.295	7.720	798	11,5	424	5,8
Eignakaup	602	615	487	-115	-19,1	-128	-20,8
Samtals	83.344	86.124	84.209	865	1,0	-1.915	-2,2
Sértekjur	-1.081	-1.120	-898	183	-17,0	223	-19,9
Samtals gjöld	82.263	85.003	83.311	1.049	1,3	-1.692	-2,0

- Launakostnaður jókst um 276 milljónir króna umfram verðlagsbreytingar eða um 1,4%. Greiddum ársverkum stofnana, sem launaskrifstofa ríkisins annast launavinnslu fyrir, fækkaði úr 18.299 á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 í 18.257 fyrstu níu mánuðina 1993. Hækkunin orsakast af afturvirkum launahækkunum til nokkurra félaga opinberra starfsmanna.
- Önnur rekstrargjöld hækkuðu um tæplega 1.264 milljónir króna eða 6,4%. Ástæðan er sú, að framlög til vegagerðar voru aukin. Þannig var bókfærður um 5,1 milljarður króna sem ýmis gjöld hjá Vegagerð ríkisins á níu fyrstu mánuðum ársins, samanborið við um 3,8 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.
- Tilfærslur, aðrar en greiðslur almannatrygginga, drógust saman um 3,1 milljarð króna að raungildi eða sem svarar til 16,3%. Að stærstum hluta má rekja þá lækkun til minni styrkja til landbúnaðar. Aðrir liðir hafa einnig lækkað, s.s. framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

- Greiðslur almannatrygginga lækkuðu að raungildi um 639 milljónir króna eða 3,2%. Framlög til lífeyristrygginga héldust nánast óbreytt að raungildi á milli ára, en útgjöld vegna sjúkratrygginga minnkuðu. Lækkun útgjalda má m.a. rekja til aukinnar kostnaðarhlutdeildar sjúklinga í lyfja- og læknskostnaði.
- Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs hækkuðu um 424 milljónir króna eða 5,8% að raungildi. Ástæða hækkunarinnar eru auknar skuldir og gengisbreytingar.
- Framlög ríkissjóðs vegna eignakaupa drógust saman um 128 milljónir króna eða 20,8%. Þar af lækkaði framlag til eignakaup hjá félagsmálaráðuneyti um 43 milljónir króna sem er um helming lækkingu frá fyrra ári. Eignakaup ráðuneytisins eru aðallega vegna kaupa á sambýlum fyrir fatlaða. Eignakaup hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti drógust einnig saman um nálægt helming eða um 30 milljónir króna. Töluverð lækkun varð einnig á þessum lið hjá fjármálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
- Sértekjur stofnana lækkuðu að raungildi um 223 milljónir króna eða 19,9%. Sértekjur samgönguráðuneytis lækkuðu um 105 milljónir króna. Skýrist það aðallega af því að tekjur vegna Alþjóðaflugþjónustu hafa ekki verið færðar í greiðsluuppgjör ríkisbókhalds undir Flugmálastjórn árið 1993 eins og árið áður þar sem stofnunin tilheyrir nú B-hluta fjárlaga. Lækkun vegna þess nemur 96,2 milljónum króna. Nokkrar breytingar urðu á sértekjum annarra ráðuneyta. Þannig lækkuðu m.a. sértekjur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Hins vegar tvöfölduðust næstum sértekjur félagsmálaráðuneytis vegna sértekna Brunamálastofnunar sem ekki voru færðar í greiðsluuppgjör 1992.

Neðangreind tafla sýnir breytingu á greiddum rekstrargjöldum æðstu stjórnar ríkisins og einstakra ráðuneyta á milli ára. Tekið skal fram að fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

## Gjöld ráðuneyta fyrstu níu mánuði árána 1992 og 1993

Í m.kr.	Greitt 1993	Greitt 1992	Breyt- ing	%
Æðsta stjórn ríkisins	785	740	45	6,1
Forsætisráðuneyti	253	234	19	8,1
Menntamálaráðuneyti	12.228	12.315	-88	-0,7
Utanríkisráðuneyti	1.121	1.074	48	4,5
Landbúnaðarráðuneyti	6.045	4.322	1.723	39,9
Sjávarútvegsráðuneyti	819	749	69	9,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3.870	3.600	270	7,5
Félagsmálaráðuneyti	3.499	3.486	13	0,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	35.053	33.857	1.196	3,5
Fjármálaráðuneyti	10.988	10.217	771	7,6
Samgönguráðuneyti	7.265	6.144	1.122	18,3
Iðnaðarráðuneyti	741	676	65	9,6
Viðskiptaráðuneyti	113	4.345	-4.231	-97,4
Hagstofa Íslands	85	91	-6	-6,3
Umhverfissráðuneyti	446	414	32	7,8
Samtals	83.311	82.263	1.049	1,3

Eftirtalin atriði skýra helstu breytingar sem urðu á gjöldum frá sama tímabili í fyrra:

- Gjöld æðstu stjórnar ríkisins hækkuðu um 45 milljónir króna eða 6,1% sem stafaði aðallega af 18,0 milljóna króna auknu framlagi vegna framkvæmda á Bessastöðum og 15,3 milljóna króna hærra framlagi til Ríkisendurskoðunar. Hlutfallslega hækkaði framlag mest til framkvæmda við Bessastaði og til Hæstaréttar. Hækkun framlagsins til Hæstaréttar var um 43,8% sem skýrist af yfirvinnugreiðslum til hæstaréttardómara sem greiddar voru á þessu ári. Lækkun framlaga varð hlutfallslega mest vegna reikningsliða sem tengjast forsetaembættinu, framlag til embættis forseta lækkaði um 17,7% og framlag vegna opinberra heimsókna um 25,2%.
- Gjöld forsætisráðuneytis hækkuðu um 18,9 milljónir króna eða 8,1%. Stærsta breytingin þar er að framlag til embættis húsameistara ríkisins var 13,2 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1993 en embættið skilaði 14,3 milljón króna tekjum í ríkissjóð á sama tímabili í fyrra.
- Gjöld landbúnaðarráðuneytis hækkuðu um 1.723 milljónir króna eða 39,9%. Skýringin á því liggur í breyttu fyrirkomulagi á

stuðningi ríkisins við landbúnaðinn. Til ágústloka 1992 greiddi ríkið niður búvöruverð hjá afurðastöðvum og voru greiðslur vegna þeirra gjaldfærðar hjá viðskiptaráðuneyti. Frá og með september 1992 var hins vegar farið að greiða framlög ríkisins beint til bænda og gjaldfæra þau hjá landbúnaðarráðuneyti. Greiðslur vegna búvöruframléiðslu hækkuðu um 1.971 milljónir króna hjá landbúnaðarráðuneyti, en gjöld viðskiptaráðuneytis lækkuðu á móti um 4.234 milljónir króna miðað við sama tímabil í fyrra. Lækkunin stafar einkum að niðurfellingu útflutningsbóta á mjólkur- og sauðfjárframléiðslu í samræmi við ákvæði nógildandi búvörusamnings. Ýmsir reikningsliðir lækkuðu umtalsvert hjá landbúnaðarráðuneyti. Má þar nefna að framlag til sauðfjárveikivarna lækkaði um 129 milljónir króna framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins lækkaði um 100 milljónir króna og sérstakar greiðslur í landbúnaði lækkuðu um 80 milljónir króna.

- Gjöld sjávarútvegssráðuneytis hækkuðu í heild um 69 milljónir króna eða 9,3%, aðallega vegna breytinga í sambandi við stofnun Fiskistofu síðari hluta árs 1992.
- Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hækkuðu um 270 milljónir króna eða 7,5% miðað við fyrra ár m.a. vegna breytinga á dómstólaskipan landsins. Veruleg hækkun varð á framlagi til embættis lögreglustjórans í Reykjavík. Það hækkaði um 107 milljónir króna eða 18,5% m.a. vegna kjarasamninga.
- Gjöld fjármálaráðuneytis hækkuðu um 771 milljón króna eða 7,6%. Hækkunin stafar aðallega af meiri vaxtagreiðslum á árinu 1993 heldur en 1992. Á móti kemur að veruleg dró úr ýmsum húsnæðisframkvæmdum á vegum stjórnarráðsins.
- Gjöld samgönguráðuneytis hækkuðu um 1.122 milljónir króna eða 18,3%. Sú hækkun stafar af auknum framlögum til Vegagerðar ríkisins en ákveðið var að ráðast í sérstakar framkvæmdir á því sviði til að örva atvinnu.
- Gjöld viðskiptaráðuneytis lækkuðu um 4.231 milljón króna eða 97,4%. Sú lækkun er vegna afnáms niðurgreiðsla svo sem þegar hefur verið skýrt.

- Gjöld umhverfisráðuneytis hækkuðu um 32 milljónir eða 7,8%. Má rekja þá hækkun að mestu til aukinna framlaga til ýmissa verkefna á sviði umhverfismála.
- Hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hækkuðu gjöld um 1.196 milljónir króna eða 3,5% á milli ára. Hækkunin svarar að mestu til verðlagsbreytinga á tímabilinu. Segja má að sama máli gegni um utanríkisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Gjöld menntamálaráðuneytis lækkuðu lítillega að raungildi eða um 0,4%. Lækkun varð einnig á gjöldum Hagstofu Íslands en þau drógust saman um 6,3%.



## Endurlán ríkissjóðs

Samkvæmt 3. grein lánsfjárlaga fyrir árið 1993 var fjármálaráðherra heimilt að endurlána allt að 5.620 milljónum króna til fjögurra aðila. Af þeirri fjárhæð höfðu alls 4.166 milljónir króna verið afgreiddar í lok september sem eru um 72% af heimild ársins. Eftirfarandi tafla sýnir lánveitingarnar í samanburði við lánsfjárlög.

### Afgreiðsla endurlána samkvæmt 3. gr. lánsfjárlaga janúar til september 1993

Í m. kr.	Afgreidd lán jan-sept 1993	Láns- fjárlög 1993	Hlutfall %
Lánasjóður íslenskra námsmana	2.830	3.900	73
Atvinnutryggingad. Byggðastofnunar	1.150	1.300	88
Alþjóðaflugþjónustan	186	290	64
Síldarverksmiðjur ríkisins	0	130	0
Samtals	4.166	5.620	72

Stærsti lántakinn er Lánasjóður íslenskra námsmanna en til hans hafði verið afgreitt lánsfé að fjárhæð um 2,8 milljarðar króna sem er um 73% af heimild ársins. Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar hafði fengið um 1.150 milljónir króna að láni í lok september og fyrir liggur að deildin fékk 150 milljónir króna að láni í október síðast liðnum. Þannig hefur deildin þegar nýtt sér alla heimild lánsfjárlaga. Þá hefur verið leitað heimildar Alþingis til viðbótarlánveitingar til atvinnutryggingadeildarinnar að fjárhæð 120 milljónir króna. Alþjóðaflugþjónustan hafði tekið 186 milljónir króna að láni á fyrstu níu mánuði ársins 1993 sem er um 64% af ársheimild lánsfjárlaga. Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu ekki nýtt sér sína heimild. Hins vegar hefur verið leitað heimildar Alþingis fyrir lánveitingu til Spalar hf. vegna undirbúningsrannsókna í tengslum við væntanleg jarðgöng undir Hvalfjörð.

Þessu til viðbótar hafði verið veitt lán samkvæmt heimild í 5. grein lánsfjárlaga 1993 að fjárhæð 16,2 milljónir króna til Vestmannaeyjakaupstaðar. Þá var í lánsfjárlögum fyrir árið 1992

heimild fyrir lánveitingu til Herjólfur hf. en samkvæmt 14. grein lánsfjárlaga 1992 rann sú heimild út þann 1. apríl 1993. Herjólfur hf. fékk hins vegar lán bæði í maí og september á þessu ári alls að fjárhæð 17 milljónir króna án þess að heimildir til þess væru fyrir hendi í lánsfjárlögum.

Alls hefur ríkissjóður endurlánað 4.199,2 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1993.



## Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs

Ársverkum hjá þeim A-hluta stofnunum sem starfsmanna-skrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir, fækkaði um 42 fyrstu níu mánuði ársins miðað við sama tímabil 1992. Heildarfjöldi reiknaðra ársverka var 18.257 en var til samanburðar 18.299 á fyrra ári.

Þegar tekið hefur verið tillit til þess að í ár tók starfsmannaskrifstofan yfir launavinnslu fyrir sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis og að Fasteignamat ríkisins tilheyrir nú B-hluta ríkissjóðs, nemur fækkunin 16 ársverkum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka eftir uppruna fyrstu níu mánuði árána 1992 og 1993.

### Samanburður ársverka

janúar til september 1993

	1993	1992	Breyt.	%
Dagvinnulaun	15.205	15.248	-43	0,3
Yfirvinna	3.052	3.051	1	0,0
	18.257	18.299	-42	0,3
Sendiráð og Fasteignamat	26	0	26	0,0
	18.283	18.299	-16	-0,1

Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga, sem starfsmannaskrifstofan sér um afgreiðslu á launum fyrir, námu 19,8 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins. Í þeirri fjárhæð eru um 300 milljónir króna vegna afturvirkra launahækkana. Að því frátöldu hafa launagjöld hækkað um 470 milljónir eða 2,5% frá fyrra ári. Hækkunin svarar að mestu til þeirrar meðalhækkunar sem varð á launum ríkisstarfsmanna á milli árána, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.



## Útgjöld almannatrygginga

Greiðslur ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga námu liðlega 19,1 milljarði króna fyrstu níu mánuði ársins. Lækkun frá sömu mánuðum 1992 nemur 95 milljónum króna eða 0,5%. Framlög vegna sjúkratrygginga lækkuðu um 490 milljónir króna eða 6,5%, en á móti hækkuðu framlög vegna lífeyristrygginga um 395 milljónir króna eða 3,5%. Útgjöld til slysatrygginga héldust óbreytt á milli ára. Að raungildi lækkuðu greiðslur ríkissjóðs vegna almannatrygginga um 639 milljónir króna eða 3,2%.

Útgjöld Tryggingastofnunar vegna almannatrygginga voru eins og eftirfarandi tafla sýnir á fyrstu níu mánuðum árána 1992 og 1993. Tekið skal fram að taflan sýnir útgjöld Tryggingastofnunar á tímabilinu sem eru nokkuð frábrugðin greiðslum ríkissjóðs til stofnunarinnar sem tíundaðar eru hér að ofan

Í m.kr.	Útgjöld 1993	Útgjöld 1992	Breyt- ing	%
Lífeyristryggingar	11.599	11.248	351	3,1
Sjúkratryggingar	6.571	7.368	-797	-10,8
Slysatryggingar	467	419	48	11,5
Samtals	18.637	19.035	-398	-2,1

Útgjöld lífeyristrygginga hækkuðu um 351 milljónir króna á tímabilinu samanborið við fyrra ár. Hlutfallslega er hækkunin 3,1% sem svarar nokkurn veginn til almennra verðlagsbreytinga á árinu. Breytingar á útgjöldum vegna einstakra bótaflokka voru eftirfarandi:

## Lífeyristryggingar

Í m. kr.	Útgjöld 1993	Útgjöld 1992	Breyt- ing	%
Lífeyrisgreiðslur	7.246	6.882	364	5,3
Sjómannalífeyrir	54	66	-12	-18,2
Örorkugreiðslur	2.482	2.216	266	12,0
Barnalífeyrir	403	269	134	49,8
Ekkju- og ekklabætur	114	119	-5	-4,2
Framlög til einstæðra foreldra	200	604	-404	-66,9
Makabætur	23	23	0	0,0
Fæðingarorlof	911	883	28	3,2
Bifreiðastyrkir	133	144	-11	-7,6
Endurhæfingarlífeyrir	33	42	-9	-21,4
	11.599	11.248	351	3,1

Útgjöld sjúkratrygginga drógust saman um 797 milljónir króna eða 10,8%. Útgjöld lækkuðu að raungildi miðað við fyrra ár. Eftirfarandi breytingar urðu á fjárhæðum einstakra bótaflokka:

## Sjúkratryggingar

Í m. kr.	Útgjöld 1993	Útgjöld 1992	Breyt- ing	%
Langlega, dagvist, daggjöld	1.717	1.710	7	0,4
Hjálpartæki	343	387	-44	-11,4
Útgjöld skv. 39. grein	255	330	-75	-22,7
Sjúkrakostnaður erlendis	120	204	-84	-41,2
Læknakostnaður	897	991	-94	-9,5
Tannlæknar	484	686	-202	-29,4
Sjúkrakostnaður innlendur	594	726	-132	-18,2
Lyf	1.776	1.955	-179	-9,2
Annað	385	379	6	1,6
	6.571	7.368	-797	-10,8

Útgjöld vegna slysatrygginga hækkuðu um 48 milljónir króna á milli ára. Hlutfallsleg hækkun er 11,5% sem er umtalsvert meiri hækkun en nam almennum verðlagsbreytingum. Skipting útgjaldanna eftir bótaflokkum var eftirfarandi:

## Slysatryggingar

Í m. kr.	Útgjöld 1993	Útgjöld 1992	Breyt- ing	%
Stjórnendur bifreiða	164	128	36	28,1
Launþegar, sjómenn	132	131	1	0,8
Launþegar, aðrir en sjómenn	79	73	6	8,2
Bændur, makar þeirra og börn	12	12	0	0,0
Sjúklingatryggingar	5	2	3	150,0
Annað	75	73	2	2,7
	467	419	48	11,5



## Útgjöld atvinnuleysistryggingasjóðs

Á fyrstu níu mánuðum ársins námu greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði ríflega 2,3 milljörðum króna, þar af um 1,9 milljörðum króna vegna atvinnuleysisbóta. Á sama tímabili í fyrra námu greiðslur úr sjóðnum í heild um 1,9 milljörðum króna og voru atvinnuleysisbætur þar af 1,3 milljarðar. Innborganir í sjóðinn námu alls 2,5 milljörðum fyrstu níu mánuðina 1993 en voru til samanburðar 1,9 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Neðangreint yfirlit sýnir inn- og útgreiðslur úr sjóðnum janúar til september 1992 og 1993:

### Atvinnuleysistryggingasjóður

Í þús. kr.	1993	1992	Breyting	%
<i>Innborganir:</i>				
Framlög ríkis	1.432.500	1.043.250	389.250	37,3
Framlög sveitarfélaga	349.678	-1.157	350.835	-
Framlög atvinnurekenda	477.500	297.750	179.750	60,4
Afborganir lána	161.928	392.363	-230.435	-58,7
Aðrar tekjur	91.115	182.923	-91.808	-50,2
Innborganir samtals	2.512.721	1.915.129	597.592	31,2
<i>Útgreiðslur:</i>				
Bætur v/atvinnuleysis	1.933.789	1.320.705	613.084	46,4
Styrkir v/eftirlauna	216.887	256.151	-39.264	-15,3
Skuldabréfakaup	11.285	12.000	-715	-6,0
Rekstrarkostnaður	92.348	58.338	34.010	58,3
V/umboðsmanna, viðskiptareikn.	13.936	255.632	-241.696	-94,5
Kjararannsóknarnefnd	15.640	13.770	1.870	13,6
V/35. gr. I. atvinnuleysistr.	51.128	520	50.608	-
Önnur framlög	11.693	0	11.693	-
Útgreiðslur samtals	2.346.706	1.917.116	429.590	22,4
Innborganir umfram útgreiðslur	166.015	-1.987	168.002	-
Sjóðsstaða í lok september	137.614	45.526	92.088	202,3

Veruleg aukning hefur orðið á greiðslum vegna atvinnuleysisbóta á milli ára, en þær jukust um 613 milljónir króna eða 46,4%. Þá ber þess að geta að áætlun um bótarétt vegna

átaksverkefna sveitarfélaga til atvinnusköpunar gera ráð fyrir um 303 milljóna króna útgjöldum miðað við septemberlok. Enn hefur aðeins lítill hluti þeirrar fjárhæðar komið til útborgunar.